



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík 4. febrúar 2021

Efni: Langur biðtími eftir talmeinaþjónustu og aðgengi barna að talþjálfun

Þann 8. febrúar 2019 sendi umboðsmaður barna erindi til heilbrigðisráðuneytisins varðandi aðgang barna að þjónustu talmeinafræðinga. Þar kemur fram að embætti umboðsmanns barna hafi borist ábendingar varðandi talþjálfun barna og fyrirkomulag þeirrar þjónustu er lúta að samkomulagi ráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skiptingu ábyrgðar vegna talmeinaþjónustu fyrir börn frá árinu 2014. Þá kemur fram að embættinu hafi jafnframt borist upplýsingar um að börn sem falli undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands lendi iðulega á biðlistum eftir talþjálfun og þurfi nær undantekningarlaust að bíða í 12 mánuði eða lengur eftir því að komast í þjálfun. Í erindi umboðsmanns er lögð áhersla á mikilvægi þess að börn eigi greiðan aðgang að nauðsynlegri sérfræðiþjónustu talmeinafræðinga. Þá óskaði umboðsmaður eftir upplýsingum frá ráðuneytinu um hvort það telji að núverandi fyrirkomulag tryggi börnum tímanlegan og nauðsynlegan aðgang að þjónustu talmeinafræðinga og hvort til hafi staðið að gera einhverjar breytingar á fyrirkomulagi þjónustunnar og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Svar frá heilbrigðisráðuneytinu barst 6. júní 2019. Þar er tekið undir mikilvægi þess að börn með tal- og/eða málhömlun fái viðeigandi sérfræðiþjónustu. Skortur á talmeinafræðingum hafi verið viðvarandi í langan tíma en á síðustu árum hafi verið gripið til aðgerða til að reyna að sporna við þeim vanda. Tekur ráðuneytið fram að nemum í talmeinafræði hafi fjölgað sem og útskrifuðum talmeinafræðingum. Fjölgun talmeinafræðinga hafi þó ekki haldið í við vaxandi eftirspurn þó staðan sé í dag betri en hún var. Höfuðborgarsvæðið og stærstu sveitarfélögin hafi getað ráðið til sín talmeinafræðinga í ríkari mæli eftir því sem framboð hafi aukist en minni sveitarfélögum á landinu hafi ekki gengið jafn vel. Þá kemur fram að ljóst sé að útskrifuðum talmeinafræðingum muni halda áfram að fjölga og með þeim hætti eigi að vera hægt að þjónusta þennan viðkvæma hóp barna betur og stytta biðtíma. Þá kemur fram að núverandi fyrirkomulag um skiptingu ábyrgðar milli ríkis og sveitarfélaga hafi ekki verið til endurskoðunar hjá ráðuneytinu.

Nú liggur fyrir að þrátt fyrir fjölgun útskrifaðra talmeinafræðinga hafa biðlistar eftir talþjálfun lengst og bíður nú mikill fjöldi barna eftir þjónustu. Biðtími eftir talmeinaþjónustu barna á stofum er að meðaltali 17 mánuðir, getur verið allt að 36 mánuðir og ástandið er almennt verra á landsbyggðinni. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og eru fyrstu árin í æviskeiði barns mikilvægust þegar kemur að talþjálfun. Það er óviðunandi að börn þurfi að bíða allt að 36 mánuði eftir talmeinaþjónustu og þá er ekki hægt að sjá að biðtímar muni styttest ef ekki verði gerðar breytingar á fyrirkomulagi þjónustunnar.

Með vísan til 1. mgr. 5. gr. laga nr. 83/1994 óskar umboðsmaður barna eftir því að fá upplýsingar frá heilbrigðisráðuneytinu um það hvaða aðgerða ráðuneytið hyggst grípa til í þeim tilgangi að bæta þjónustu við börn sem þurfa á talmeinaþjónustu að halda og tryggja snemmtæka íhlutun með því að útrýma biðtíma barna. Það er mikilvægt að tryggja börnum þá þjónustu sem þau þurfa eins fljótt og hægt er, enda ljóst að töf á þessari mikilvægu þjónustu getur haft umfangsmikil áhrif á framtíð barna með tal- og málþroskaröskun.

Virðingarfyllst,



Salvör Nordal,
umboðsmaður barna